

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu
að fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Höfðahrepps gert eftirfarandi samþykkt:

„Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932 samþykkir hreppsnefnd Höfðahrepps að áskilja Höfðahreppi forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan marka sveitarfélagsins vegna gerðar aðalskipulags og deiliskipulags einstakra hverfa.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

S A M Þ Y K K T**um sorphreinsun í Hafnarhreppi.**

1. gr.

Hafnarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skiplögðu svæði kaupþúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar kaupþúnsins.

2. gr.

Sérhver húseigandi (eða leigjandi) í Hafnarhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd ákveður.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorptækja.

4. gr.

Sorpið, sem sett er í sorpilátin, má vera allt venjulegt heimilissorp. Sorp, sem ekki má setja í sorppoka er: Mold, mól, grjót, mykja, byggingasorp og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppokana.